

Aðalstjórnarfundur

24. apríl 2006 13:55

Frímann Guðbrandsson kom og afhenti bókhaldsgögn og aðgang að bankareikningum. Elínborg tók við málinu.

Vefsvæðið sýnt. Fulltrúum deilda tjáð að mögulegt er að stofna sambærilegt svæði fyrir hverja deild. Engin ákvörðun tekin um málið.

Ómar og Elínborg kynntu þeirra vinnu í samræmdu útliti á fatnaði merktum félaginu. Ómar og Elínborg ætla að ræða við Árna í Skagfirðingabúð og koma málinu á hreyfingu þar.

Skíðadeildin, lögmæti stjórar og ráðning Viggós. Stjórnin hafði sent inn bréf með uppsögn. Magnús Svavarsson hafði séð um að semja um málið á sínum tíma. Samþykkt að fá Magnús til að ganga frá málinu þannig að engin spurning verði um lögmæti stjórnar skíðadeildar.

Skíðadeild leggur fram kvörtun vegna ummæla einstaklings um starfssemi deildarinnar. Ákveðið að Gunnar ræði við viðkomandi.

Lagt fram bréf frá Hólaskóla vegna afmælisárs.

Lagt fram bréf frá UMSS varðandi framkvæmdastjóra íþróttahreyfingarinnar. Málið lítillega kynnt og afrit af bréfinu afhent fulltrúum deilda. Arnar kynnti formannskjör UMSS og framtíðaráform um stjórn UMSS.

Gunnar hvatti fulltrúa deilda til að kynna sér handbók íþróttafélaga sem liggur hjá Ómari Braga með það í huga að búa til stefnumótun og markmið hverrar deildar og þar með félagsins í heild.

Knattspyrnudeild leggur fram beiðni um að fá samþykkt fyrir auknum yfirdrætti eða greiðslu frá aðalstjórn, kr. 400þ. Elínborg og Gunnar ætla að ganga í málið.

Knattspyrnudeild kvartar yfir því að þjálfari í körfuknattleiksdeild hvetji iðkendur til að stunda ekki knattapyrnu. Viggó tekur að sér að ræða málið við þjálfarann.